



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 18. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILÍÐ 2014 – 2018 11. FUNDUR ÁRSINS

### VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 5. NÓVEMBER

### 2015 KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2015, þann 5. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Elvar Harðarson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, fundargerð 99. fundar skipulagsnefndar frá 5. nóvember. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Drög að fjárhagsáætlun 2016-2019. (Fyrri umræða)
2. Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2016.
3. Álagningarhlutfall fasteignaskatta 2016.
4. Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimilið 2016.
5. Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2016.
6. Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2016.
7. Gjaldskrá vatnsveitu 2016.
8. Gjaldskrá fráveitu 2016.
9. Gjaldskrá mótuneytis 2016.
10. Gjaldskrá Leikskólans Undralands 2016.
11. Tillaga um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi 2016.
12. Reglur um hvatagreiðslur (tómstundastyrki) til íþróttar- lista- og tómstundaiðkunar.
13. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga: Óskað er eftir nánari upplýsingum vegna samanburðar á fjárhagsáætlun 2014 við niðurstöður ársreiknings 2014 og ákvæði sveitarstjórnarlaga um miklar fjárfestingar.
14. Brunavarnir Árnassýslu: Brunavarnaráætlun B.Á.
15. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á skipulagslögum.
16. Allsherjar- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs.
17. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir til að tryggja öllum húsnæði á viðráðanlegum kjörum.
18. Innanríkisráðuneytið: Umsagnarbeiðni um skýrslu um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum.
19. Íbúðalánasjóður: Beiðni um viðræður við sveitarfélagið vegna íbúða sjóðsins í sveitarfélaginu.
20. Kvenfélag Hrunamanna: Beiðni um styrk til gerðar myndbrota í Uppsveitum í tilefni af 100 ára kosningarafmælis kvenna á Íslandi.
21. Stígamót: Beiðni um styrk til reksturs Stígamóta.
22. Breytingar á samþykktum Héraðsnefndar Árneseinga.
23. Hvammsvegur: Niðurstaða útboðs.
24. Forsætisráðuneytið: Eigendastefna vegna þjóðlenda. Verkefnislýsing.
25. Umhverfisstofnun: Gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir Gullfoss.
26. Högnastígur: Greiðsla kostnaðar.
27. Límtré Vírnet ehf: Forkaupsréttur.
28. Skólanefnd: Kosning varamanns.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

29. Fundargerð vinnuhópar um upplýsingaöflun fyrir nýbúa frá 16. október s.l.
30. Fundargerð nefndar um nafn á útivistarsvæði/garðinn á Flúðum.
31. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar frá 7. október s.l.
32. Veitustjórn: Fundargerð 9. fundar nefndarinnar frá 20. október s.l.

33. Skólanefnd: Fundargerð 7. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 29. október s.l.
34. Skólanefnd: Fundargerð 7. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 29. október s.l.
35. Umhverfisnefnd: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar frá 20. október s.l.
36. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 9. fundar nefndarinnar frá 20. október s.l.  
-liggur frammi á fundinum-

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

37. Fundargerð 98. fundar Skipulagsnefndar frá 22. október s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 30. september og 15. október s.l.  
Mál nr. 1: Mýrarstígur 3: Umsókn um byggingarleyfi starfsmannahúss.  
Mál nr. 2. Hvammsvegur: Aðalskipulagsbreyting.  
Mál nr. 3: Syðra-Langholt 3: Stofnun lóðar og sameining lóða.  
Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingafulltrúa.  
Mál nr. 23: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
38. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 28. fundar stjórnar byggðasamlagsins frá 22. október s.l.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Almannaþingir Árnassýslu: 22. fundur Almannaþingarnefndar Árnassýslu frá 9. október s.l.
- b. SASS: Fundargerð 498. fundar stjórnar frá 2. október.
- c. Sorpstöð Suðurlands bs: Fundargerð 242. stjórnarfundar frá 28. september s.l.
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 167. fundar stjórnar frá 24. september s.l.
- e. Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga. Fundargerð 174. fundar fagráðs frá 28. september s.l.

#### **Kynningarmál:**

- f. Fulltrúaráð EBÍ: Fundargerð aðalfundar fulltrúaráðs frá 23. september s.l.
- g. NOS: Samningur um ytra mat á þjónustu við leik- og grunnskóla.
- h. Minnisþing vegna fundar Hrunamannahrepps með fjárlaganefnd.
- i. Tækni- og vísindisráð Uppsveita: Minnisblað vegna gervigrasvallar.
- j. Tækni- og vísindisráð Uppsveita: Uppsafnaður kostnaður vegna seyrusvæðis.
- k. Brunabót: Ágóðagreiðsla 2015.
- l. Samgöngustofa: Ástand gróðurs og umferðaröryggi.
- m. Þjóðskrá: Skýrsla um fasteignamat 2016.
- n. Grenjavinnsla 2015.
- o. Landssamtökin Þroskahjálp: Landsþing og aðalfundur 16. og 17. okt. 2015.
- p. Tónkjallarinn ehf: Skráðir nemendur í Tónsmiðju Suðurlands

#### **Fundir framundan:**

- q. Ársfundur náttúrverndarnefnda og Umhverfisstofnunar 2015, 12. nóvember n.k.
- r. Fundur Samband íslenskra sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks 11. nóvember n.k.

#### **Skýrslur á skrifstofu:**

- s. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Niðurstöður úr æskulýðsrannsókninni *Ungt fólk 2015*, 5. – 7. bekk.
- t. Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnesinga, október 2015.

#### **Gengið til dagskrár:**

##### **1. Drög að fjárhagsáætlun 2016-2019. (Fyrri umræða).**

Lögð voru fram drög að fjárhagsáætlun 2016 og minnisblað um forsendur áætlunarinnar. Sveitarstjóri fór yfir helstu kennitölur og forsendur fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið 2016. **Helstu forsendur eru:** Reiknað er með að tekjur af útsvari hækki um 27 milljónir frá áætlun 2015. Gert er ráð fyrir að framlög úr **jöfnunarsjóði** hækki um 11 milljónir frá áætlun 2015. **Fasteignaskattur** er byggður á bráðabirgðaáætlun fyrir árið 2016. Fyrir liggur að almennt hækkar fasteignaskattur um 2,4%. **Álagningarhlutföll** ársins 2016 vegna fasteignagjalda verða óbreytt frá árinu 2015. Lóðaleiga verði áfram 0,5% af fasteignamati. **Gjaldskrár** hækki almennt um 4,5%. **Rekstur einstakra málaflokka var yfirfarinn** með hliðsjón af áætlun síðasta árs og gerðar breytingar eftir því sem ástæða var talin. Haft var samráð við forstöðumenn

deilda. **Þjónustutekjur** sem lagðar eru á með fasteignagjöldum eru áætlaðar með hliðsjón af fyrirliggjandi tillögum. **Önnur atriði:** Gert er ráð fyrir afborgunum lána í samræmi við skilmála þeirra. **Eignasjóður – rekstur:** Til tekna færast leigutekjur frá aðalsjóði en til gjalda færast bein rekstrargjöld s.s. viðhald, fasteignagjöld og tryggingar. **Eignasjóður fjármunatekjur og fjármunagjöld:** Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld af langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána. **Fjárfestingar og lántökur:** Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingum að fjárhæð kr. 30,5 millj. aðallega vegna íþróttasvæðis, gatnakerfis, fráveitu, vatnsveitu og hitaveitu. Ekki er gert ráð fyrir lántöku vegna þessara fjárfestinga. **Helstu niðurstöður:** Samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings er tekjuafgangur á samstæðunni (A og B) að fjárhæð kr. 29,2 millj.

Eftir umræður og fyrirspurnir samþykkti sveitarstjórn að vísa áætluninni til seinni umræðu með breytingum sem ræddar voru á fundinum og þau atriði sem þarf að skoða sérstaklega á milli umræðna.

2. **Ákvörðun um álagningarprósentu útsvars 2016.**

Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarprósentu útsvars árið 2016. Lagt er til að álagning verði 14,52 % sem er sú sama og var á síðasta ári. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

3. **Álagningarhlutfall fasteignaskatta 2016.**

Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarhlutfall fasteignaskatta fyrir árið 2016. Lagt er til að álagningarhlutfall verði óbreytt frá fyrra ári eða í A-flokki 0,59%, B-flokki 1,32% og í C-flokki 1,32%. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

4. **Tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimilið 2016.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir Félagsheimilið fyrir árið 2016. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum. Ný gjaldskrá tekur gildi 1. janúar 2016.

5. **Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2016.**

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna fyrir árið 2016. Gert er ráð fyrir þeim breytingum að laun sveitarstjórnarmanna miðist við ákveðna prósentu af þingfararkaupi. Sveitarstjórn samþykkir að fresta málinu til næsta fundar.

6. **Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi 2016.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2016. Gert er ráð fyrir að jafnaði 4,5% hækkun frá síðasta ári. Sorphirðugjald íbúðarhúsa verði óbreytt kr. 15.000 vegna grátunnu en vegna blátunnu verði það 5.800. Sorpeyðingargjald íbúðarhúsa verði kr. 18.600, vegna frístundahúsa kr. 16.500 og atvinnuhúsnæðis kr. 41.500. Sérstakt aukasorggjald þar sem flokkað er eftir magni í 9 flokkum hækkar einnig um 4,5%. Leiga á gámum og blátunnukörum verði óbreytt en tekin verður upp leiga á gámum fyrir heyplast á kr. 60.000 á ári. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá Umhverfisnefnd og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna

7. **Gjaldskrá vatnsveitu 2016.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir vatnsveitu. Gjaldskrá vegna vatnsveitu vegna íbúðarhúsnæðis verður óbreytt 0,25% af fasteignarmati en lágmarksgjald hækkar í kr. 33.000 eða um 4,5%. Hámarksgjald á íbúðarhúsi verður óbreytt kr. 55.000. Fast vatnsgjald í frístundahúsi hækkar um 4,5% og verður kr. 33.000. Vatnsgjald í atvinnuhúsnæði verður óbreytt 0,15% af fasteignamati og lágmarksgjald óbreytt eða kr. 65.000. Heimæðagjöld hækka ekki. Aðrar hækkunar nema 4,5%.

Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá Veitustjórn og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna

8. **Gjaldskrá fráveitu 2016.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir fráveitu. Gjaldskrá vegna fráveitu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í þéttbýlinu á Flúðum verður óbreytt eða 0,25% af fasteignarmati og hámarksgjald íbúðarhúsnæðis verður óbreytt kr. 52.000. Hámarksgjald á atvinnuhúsnæði verður hækkað um 4,5% í kr. 194.000. Árlegt gjald fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa utan þéttbýlisins á Flúðum verður kr.

7.800 og hækkar um 4,5%. Heimæðagjöld í þéttbýlinu á Flúðum hækka ekki. Aðrar hækkanir nema 4,5%.

Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá Veitustjórn og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna

9. **Gjaldskrá mótuneytis 2016.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá fyrir mótuneyti Flúðaskóla, Undralands og skóladagheimilis. Gert er ráð fyrir að verð á hressingu í Flúðaskóla hækki úr kr. 69 í kr. 72 og skólamáltíð hækki úr kr. 320 í kr. 335 fyrir börn og starfsfólk sveitarfélagsins. Í leikskólanum Undralandi hækki gjald fyrir hádegisverð úr kr. 320 í kr. 335, morgunhressing hækki úr kr. 69 í kr. 72 og síðdegishressingu úr kr. 105 í kr. 110. Þá er lagt til að tímagjald vistunar í skólaseli hækki úr kr. 292 í kr. 305, gjald fyrir máltíð úr kr. 102 í kr. 110. Máltíð vegna Heimalands hækki um 4,5% úr kr. 527 í kr. 551. Lagt er til að allar þessar breytingar taki gildi þann 1.janúar nk.

Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá skólanefnd og samþykkt að öðru leyti en því að lagt er til að gjaldskrá mótuneytisins til leikskólans Undralands verði óbreytt milli ára. Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.

10. **Gjaldskrá Leikskólans Undralands 2016.**

Oddviti lagði fram tillögu að gjaldskrá leikskólans Undralands frá og með næstu áramótum. Lagt er til að gjaldskrá hækki um 4,5%. Þrátt fyrir það lækkar kostnaðarhlutfall foreldra úr 13,8% í 13,2%.

Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá skólanefnd og samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.

11. **Tillaga um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Hrunamannahreppi 2016.**

Oddviti lagði fram og kynnti tillögu að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega þar sem tekjuviðmið hækka um 4,5%. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

12. **Reglur um hvatagreiðslur (tómstundastyrki) til íþróttá- lista- og tómstundaiðkunar.**

Oddviti lagði fram og kynnti tillögu að reglum um hvatagreiðslur til íþróttá- lista- og tómstundaiðkunar. Í tillögunni er gert ráð fyrir að hvatagreiðslunnar verði teknar upp á árinu 2016, taki til barna á aldrinum 6-16 ára og geti numið kr. 10.000 á hverri önn eða samtals kr. 20.000 á árinu.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

13. **Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga: Óskað er eftir nánari upplýsingum vegna samanburðar á fjárhagsáætlun 2014 við niðurstöður ársreiknings 2014 og ákvæði sveitarstjórnarlaga um miklar fjárfestingar.**

Oddviti lagði fram bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaganna þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum vegna samanburðar á fjárhagsáætlun 2014 og niðurstöðu ársreiknings og fjárfestingu ársins 2014. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra og endurskoðanda sveitarfélagsins erindinu.

14. **Brunavarnir Árnæssýslu: Brunavarnaráætlun B.A.**

Oddviti kynnti brunavarnaáætlun frá Brunavörnum Árnæssýslu. Sveitarstjórn samþykkir brunavarnaráætlun fyrir B.A með þeim takmörkunum að framkvæmdaáætlun brunavarnaráætlunarinnar verði í samræmi við samþykta fjárhagsáætlun B.A ár hvert.

15. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á skipulagslögum.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingar á skipulagslögum.

16. **Allsherjar- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs.

17. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir til að tryggja öllum húsnæði á viðráðanlegum kjörum.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um bráðaaðgerðir til að tryggja öllum húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

18. **Innanríkisráðuneytið: Umsagnarbeiðni um skýrslu um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um skýrslu um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum.
19. **Íbúðalánasjóður: Beiðni um viðræður við sveitarfélagið vegna íbúða sjóðsins í sveitarfélaginu.**  
Oddviti kynnti beiðni frá Íbúðalánasjóði þar sem sveitarfélaginu er boðið til viðræðna um að kaupa eignir af sjóðnum. Sveitarstjórn samþykkir að hafna þessu erindi.
20. **Kvenfélag Hrunamannahrepps: Beiðni um styrk til gerðar myndbrota í Uppsveitum í tilefni af 100 ára kosningarafmælis kvenna á Íslandi.**  
Oddviti kynnti beiðni um styrk frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps til gerðar myndbrota í tilefni af 100 ára kosningarafmælis kvenna á Íslandi. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 100.000.
21. **Stígamót: Beiðni um styrk til reksturs Stígamóta.**  
Oddviti kynnti styrkbeiðni frá Stígamótum. Sveitarstjórn samþykkir að hafna erindinu.
22. **Breytingar á samþykktum Héraðsnefndar Árnesinga.**  
Oddviti kynnti breytingar á samþykktum Héraðsnefndar Árnesinga. Sveitarstjórn samþykkir breytingar á samþykktum Héraðsnefndar Árnesinga og felur oddvita eða sveitarstjóra að undirrita þær.
23. **Hvammsvegur: Niðurstaða útboðs.**  
Oddviti kynnti niðurstöður útboðs vegna Hvammsvegar. Í verkið bárust þrjú tilboð. Frá Gröfutækni að fjárhæð kr. 27.761.000, Fögrusteinum ehf að fjárhæð kr. 24.310.000 og Árna ehf að fjárhæð kr. 21.628.000. Öll tilboðin voru undir kostnaðaráætlun. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Árna ehf og felur sveitarstjóra að undirrita samning vegna þess. Elvar viku sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
24. **Forsætisráðuneytið: Eigendastefna vegna þjóðlenda. Verkefnislýsing.**  
Oddviti kynnti drög að verkefnalýsingu vegna eigendastefnu vegna þjóðlenda frá Forsætisráðuneytinu. Þá hefur einnig verið fundað með sveitarfélögunum vegna málsins.
25. **Umhverfisstofnun: Gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir Gullfoss.**  
Oddviti kynnti bréf frá Umhverfisstofnun þar sem kynnt er að vinna við gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir Gullfoss sé hafin.
26. **Högnastígur: Greiðsla kostnaðar.**  
Oddviti kynnti bréf Íslensku lögfræðistofnunar, sem fyrir hönd Þrastar Jónssonar, Tómasar Þóris Jónssonar, Jónínu K. Björnsdóttur og Jóhanns Unnars Guðmundssonar vegna kostnaðar við gatnagerð á Högnastígnum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að svara erindinu.
27. **Límtré Vírnet ehf: Forkaupsréttur.**  
Oddviti kynnti bréf frá stjórn Límtrés Vírnets þar sem tilkynnt er um kaup EH ehf á hlut Eignarhaldsfélagi Suðurlands í félaginu. Hefur Hrunamannahreppur hlutfallslegan forkaupsrétt að hlutafénu. Sveitarstjórn samþykkir að nýta sér ekki forkaupsréttinn.
28. **Skólanefnd: Kosning varamanns.**  
Oddviti kynnti að vegna flutnings Jóns Gunnars Sigurðssonar úr sveitarfélaginu þurfi að skipa nýjan varamann í skólanefnd. Sveitarstjórn skipar Katrínu Ösp Emilsdóttur sem varamann í skólanefnd.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

29. **Fundargerð vinnuhópar um upplýsingaöflun fyrir nýbúa frá 16. október s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð vinnuhóps um upplýsingaöflun fyrir nýbúa. Guðrún Pétursdóttir var kosin formaður hópsins, sveitarstjóri kynnti styrk sem fengist hafði upp á kr. 625.000 úr Þróunarsjóði innflytjendamála. Kolbrún kynnti vinnu sem hún hefur unnið við upplýsingabækling fyrir nýja íbúa sveitarfélagsins og drög að aðgerðaáætlun vegna nýrra íbúa. Farið yfir stöðu gagna í skólum og rætt var um næstu skref hópsins.
30. **Fundargerð nefndar um nafn á útivistarsvæði/garðinn á Flúðum.**  
Oddviti kynnti fundargerð nefndar um nafn á útivistarsvæði/garðinn á Flúðum. Tólf hugmyndir bárust og var niðurstaðan sú að þar sem verið er að ræða samheiti

yfir nokkur afmörkuð svæði sem nú þegar bera ákveðin heiti. Varð nafnið „Lækjargarðurinn“ fyrir valinu sem samheiti þessa svæðis og að nöfn svæðanna fái að halda sér og verði sérstaklega merkt sem slík. Sveitarstjórn samþykkir að garðurinn heiti Lækjargarðurinn. Ragnar situr hjá við afgreiðslu málsins.

**31. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar frá 7. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar frá 7. október s.l. Fjallað var um fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Rætt var um nýtingu frisbíggvallar og hvort hægt væri að selja eða leigja diska í sundlauginni. Farið var yfir gönguferðir sumarsins. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**32. Veitustjórn: Fundargerð 9. fundar nefndarinnar frá 26. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar frá 26. október s.l. Lagt var fram stöðuyfirlit vatnsveitu og fráveitu, tillaga gerð að gjaldskrá vatnsveitu Hrunamannahrepps, fráveitu og farið yfir fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða 2016 og tillaga að gjaldskrá fyrir hana. Farið var yfir erindi frá Birni Þóri Kristjánssyni um kaup á vatni o.fl. fyrir hótélbyggingu og einnig voru skattamál Hitaveitunnar kynnt.

Gert er ráð fyrir að gjaldskrá hitaveitunnar hækki almennt um 4,5% en heimæðagjöld hækki ekki.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og þær gjaldskrár og gjaldskrárbreytingar sem lagðar voru til.

**33. Skólanefnd: Fundargerð 7. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 29. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar frá 29. október s.l. Farið var yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 og var hún samþykkt. Gjaldskrá fyrir mötuneyti og skólavistun rædd en þar var lagt til að gjaldskrá mötuneytis vegna leikskóla yrði óbreytt. Beiðni frá Námsgangabankanum um styrk rædd og er ekki talin þörf á þessari þjónustu.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina að öðru leyti en því að fresta afgreiðslu tillögu vegna fæðiskostnaðar í leikskóla til næsta fundar sveitarstjórnar.

**34. Skólanefnd: Fundargerð 7. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 29. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 7. fundar frá 29. október s.l. Halldóra kynnti skýrslu leikskólustjóra. Farið var yfir starfsmannamál en fram að áramótum er fjöldi barna 34 en fjölgar eftir áramót. Farið var yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 og kynnt var umbótaáætlun byggð á grundvelli innra mats. Fjallað var um gjaldskrá leikskólans og mötuneytis þar sem lögð er til 4,5% hækkun nema að fæðigjöld í leikskólann verði óbreyttur á milli ára. Beiðni um undanþágu vegna barns yngri en 18 mánaða var samþykkt. Kynntur var upplýsingabæklingur á vinnslustigi fyrir nýbúa og Fríður kynnti erindi til sveitarstjórnar frá foreldraráði um lækkun leikskólagjalda elsta árgangsins í áföngum. Þá var fjallað um trúnaðarmál.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina að öðru leyti en því að fresta afgreiðslu tillögu vegna fæðiskostnaðar í leikskóla til næsta fundar sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn þakkar foreldraráði Undralands fyrir vel unna tillögu og mun taka málið til skoðunar.

**35. Umhverfisnefnd: Fundargerð 4. fundar nefndarinnar frá 20. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar frá 20. október s.l. Farið var yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2016, gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs og leigu á sorpílátum. Rætt var um fyrirkomulag sorphirðu í sveitarfélaginu. Farið var yfir seyruverkefnið og framkvæmd þess. Þá var rætt um hvort áætlanir væru um eyðingu skógarkerfils í sveitinni og hreinsun aspar rótarskóta frá Flúðum að Stóru Laxárbrú.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

**36. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 9. fundar nefndarinnar frá 20. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 9. fundar landbúnaðarnefndar. Farið var yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir málaflökkinn 2016 og álagning fjallskila fyrir árið 2015 rædd. Rætt var um seyrumál og hirðingu rúlluplasts.

Lagt var til að álagning fjallskila fyrir árið 2015 verði með þeim hætti að eigendur lögbýla greiði áfram 1,3% af landverði en gjald fyrir vetrarfóðraða kind hækki úr kr. 77 í kr. 80.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu að álagningu fjallskila fyrir árið 2015 og fundargerðina að öðru leyti.

### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:**

#### **37. Fundargerð 98. fundar Skipulagsnefndar frá 22. október s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 30. september og 15. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 98. fundar skipulagsnefndar frá 22. október sl. Afgreiðslur einstakra mála sem varða Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

##### **Mál nr. 1: Mýrarstígur 3: Umsókn um byggingarleyfi starfsmannahúss.**

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir 96m<sup>2</sup> starfsmannahús auk 350m<sup>2</sup> geymslu á lóðinni.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að fyrirhuguð umsókn samræmist skilmálum gildandi deiliskipulags enda er gert ráð fyrir byggingu atvinnuhúsnæðis á lóðinni.

##### **Mál nr. 2. Hvammsvegur: Aðalskipulagsbreyting.**

Lögð er fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga aðalskipulagsbreyting vegna færslu á Hvammsvegi milli Högnastaða og Hvamms. Tillagan var auglýst þann 3. september með athugasemdarfresti til 16. október s.l. Engar athugasemdir bárust en fyrir liggja umsagnir Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir aðalskipulagsbreytinguna óbreytta og felur skipulagsfulltrúa að senda hana til staðfestingar Skipulagsstofnunar í samræmi við 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga.

##### **Mál nr. 3: Syðra-Langholt 3: Stofnun lóðar og sameining lóða.**

Lögð fram umsókn um stofnun 3,03 ha lóðar úr landi Syðra-Langholts 3. Gert er ráð fyrir að lóðin verði sameinuð aðliggjandi lóð, Syðra-Langholti 6. Á þeirri lóð hefur verið samþykkt umsókn um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi á grundvelli grenndarkynningar. Auk stækkunar er óskað eftir að heimilt verði að færa áður samþykka staðsetningu íbúðarhúss til austurs að hluta til inn á hina nýju lóð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um stofnun hinnar nýju lóðar og að hún verði í framhaldinu sameinuð aðliggjandi lóð og að það þurfi að grenndarkynna umsókn um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi að nýju þar sem staðsetningin hefur breyst.

##### **Mál nr. 22: Afgreiðslur byggingafulltrúa.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 30. september s.l.

##### **Mál nr. 23: Afgreiðslur byggingafulltrúa.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 15. október s.l.

#### **38. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 28. fundar stjórnar byggðasamlagsins frá 22. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 28. fundar frá 22. október s.l. Þar var farið yfir starfsmannamál, endurskoðun á fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 og lögð fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

### **Önnur mál:**

#### **39. Fundargerð 99. fundar Skipulagsnefndar frá. 5. nóvember og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 30. september og ??????. október s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 99. fundar skipulagsnefndar frá 5. nóvember.

Afgreiðslur einstakra mála sem varða Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

##### **Mál nr. 12: Birtingarholt 1B: Stækkun lóðar.**

Lögð fram umsókn um stækkun lóðarinnar Birtingarholts 1B úr 5.500m<sup>2</sup> í 17.250m<sup>2</sup> skv. meðfylgjandi lóðablaði.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að stækka lóðina með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeiganda. Ragnar vék af fundi við afgreiðslu málsins.

##### **Mál nr. 13. Torfdalur: Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Torfdal á Flúðum. Í breytingunni er gert ráð fyrir lóð undir spennistöð á svæði milli lóðar Límtré-Vírnets (Torfdalur 2) og lóðar undir hreinsimannvirki.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að um sé að ræða óverulega breytingu og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og að ekki þurfi að grenndarkynna breytinguna.

**Mál nr. 14. Sunnuhlíð: Stofnun lóðar undir dælustöð.**

Lögð fram umsókn og lóðablað um stofnun 1.470m<sup>2</sup> lóðar undir dælustöð úr landi Sunnuhlíðar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um stofnun hinnar nýju lóðar og landskipti skv. 13. gr. jarðarlaga með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeiganda

**Mál nr. 17: Afgreiðslur byggingafulltrúa.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 28. október s.l.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Almannaþingin Árneshlíð: 22. fundur Almannaþingarnefndar Árneshlíð frá 9. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- b. SASS: Fundargerð 498. fundar stjórnar frá 2. október.**  
Lagt fram til kynningar.
- c. Sorpstöð Suðurlands bs: Fundargerð 242. stjórnarfundar frá 28. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 167. fundar stjórnar frá 24. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- e. Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga. Fundargerð 174. fundar fagráðs frá 28. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- f. Fulltrúaráð EBÍ: Fundargerð aðalfundar fulltrúaráðs frá 23. september s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- g. NOS: Samningur um ytra mat á þjónustu við leik- og grunnskóla.**  
Lagt fram til kynningar.
- h. Minnisþing vegna fundar Hrunamannahrepps með fjárlaganefnd.**  
Lagt fram til kynningar.
- i. Tækniáætlun Uppsveita: Minnisblað vegna gervigrasvallar.**  
Lagt fram til kynningar.
- j. Tækniáætlun Uppsveita: Uppsafnaður kostnaður vegna seyruvæðis.**  
Lagt fram til kynningar.
- k. Brunabót: Ágóðagreiðsla 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
- l. Samgöngustofa: Ástand gróðurs og umferðaröryggi.**  
Lagt fram til kynningar.
- m. Þjóðskrá: Skýrsla um fasteignamat 2016.**  
Lagt fram til kynningar.
- n. Grenjavinnsla 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
- o. Landssamtökin Þroskahjálpi: Landsþing og aðalfundur 16. og 17. okt. 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
- p. Tónkjallarið ehf: Skráðir nemendur í Tónsmíðju Suðurlands**  
Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

- q. Ársfundur náttúrverndarnefnda og Umhverfisstofnunar 2015, 12. nóvember n.k.**  
Lagt fram til kynningar.
- r. Fundur Samband íslenskra sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks 11. nóvember n.k.**  
Lagt fram til kynningar.



**Skýrslur á skrifstofu:**

- s. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Niðurstöður úr  
æskulýðsrannsókninni *Ungt fólk 2015*, 5. – 7. bekk.**  
Lagt fram til kynningar.
- t. Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnesinga, október 2015.**  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:45.